



Alþingi – nefndasvið
Utanríkismálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 12. febrúar 2015

Efni: Umsögn Ríkiskaupa um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn - Þingskjal 425 — 340. mál.

Vísa tölvupósts dags. 27. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Ríkiskaupa um framangreinda þingsályktunartillögu. Ríkiskaup telja jákvætt að innleiða þær breytingar sem þingsályktunartillagan mælir fyrir um.

Rétt er að taka fram að núgildandi lög um opinber innkaup nr. 84/2007 gera kröfu um að umhverfisþættir séu almennt teknir með í reikninginn við opinber innkaup. Ríkiskaup hafa m.a. það hlutverk að framfylgja [stefnu ríkisins 2013-2016 um grænan ríkisrekstur](#) og hafa stórt hlutverk í aðgerðaráætlun sem er viðauki við stefnuskjalið. Almennt er leitast við að setja umhverfisskilyrði í útboðum sem Ríkiskaup annast fyrir opinbera aðila.

Þingsályktunartillaga sú sem hér um ræðir felur í sér heimild til að innleiða tilskipun 2009/33/EB um að stuðla að notkun á orkunýtum ökutækjum til flutninga á vegum. Ríki og sveitarfélög kaupa ökutæki fyrir háar fjárhæðir á hverju ári. Sameinist opinberir aðilar í Evrópu um að velja umhverfisvænasta kostinn þegar bílar eru keyptir inn, er það hvatning fyrir bílaframleiðendur að halda áfram að framleiða bíla með minni útblástursmengun. Er það í samræmi við markmið tilskipana Evrópusambandsins um opinber innkaup.

F.h. Ríkiskaupa,

Halldór Ó. Sigurðsson
forstjóri.